

Fundur skólaráðs Kópavogsskóla 8. nóvember 2018 kl. 8:00

Fundarmenn: Jóhannes og Pálmi fulltrúar foreldra, Hildur Elfa fulltrúi annarra starfsmanna, Gunnlaugur og Sigríður Lilja fulltrúar nemenda, Svanborg fulltrúi kennara, Guðmundur skólastjóri og Guðný aðstoðarskólastjóri sem ritar fundargerð. Birna fulltrúi kennara boðaði forföll.

Dagskrá:

- Húsnæðismál skólans – fulltrúar frá Kópavogsbæ í þeirri umræðu eru Anna Birna sviðstjóri menntasviðs, Sindri rekstrarstjóri menntasviðs og Steingrímur sviðstjóri umhverfissviðs.
 - Guðmundur ræðir um nauðsyn þess að skoða skólahúsnæðis með tilliti til þeirra breytinga sem hafa orðið á skólastarfinu og þörf fyrir aukið húsnæði. Búið er að taka öll litlu rýmin undir sérkennslu.
 - Rætt er um nemendafjölda. Eignadeild átti fund með Guðmundi í haust og þar var farið yfir það viðhald sem búið er og hvað á eftir að gera. Til er húsnæðis teymi fyrir skólana í Kópavogi sem fylgist með hvað þarf að gera. Fjölgun nemenda í skólanum fer svolítið eftir því hvað verður um húsnæðið í nærumhverfi skólans. En vitað er að hverfið er að endurnýja sig. Augljóslega þarf að nútímavæða húsnæðið. Sindri fór yfir skjal (fy um nemendafjölda í hverfinu. Bæjarráð og bæjarstjórn taka ákvarðanir um stækkun húsnæðis. Óljóst með uppkaup á íbúðarhúsnæði í nágrenni skólans. Getur verið 4 ár þar til eitthvað fer að gerast í íbúamálum. Það verður að taka inn í hvernig við ætlum að mæta þessari þörf sem nú er komin upp. Það er komin tími til að fara í það að vinna þessu.
 - Svanborg fór inn á það að samsetning nemenda hafi breyst svo þörfin sé orðin mikil. Einnig kom hún inn á að húsnæði frístundar sé sprungið. Anna Birna Ræddi um að frístund sé hluti af skólastarfi og komi til með að vera það áfram en að hún þurfi samt að hafa gott rými. Vinnuástaða kennara er ekki fullnægjandi með tillit um álags á skólastofur. Í byrjun árs gæti verið tíminn þar sem byrjað er að vinna að þessu ári. Komin tími á að skoða húsnæði elsta skólans.
 - Ferlið sem farið er í til að vinna að stækkun þarf að flokkast undir stofnkostnað - almennur rekstur sér um viðhaldið. Sindri bendir á að það sé alltaf hluti af nemendum sem skila sér ekki í sinn hverfisskóla og að í raun séu það fleiri nemendur sem fara frá þessu hverfi í aðra hverfisskóla en þeir sem koma til okkar enda er í sumum tilvikum styttra fyrir nemendur að fara í aðra skóla. Fram kom að lausa stofu eru alltaf inn í myndinni. Upp úr áramótum skýrist hvernig framhaldið verðu. Væntanlega verður myndaður hópur til að vinna að húsnæðismálunum og fulltrúar allra hópa munu eiga þar fulltrúa.
- Niðurstöður samræmdra prófa*
Guðmundur fór yfir niðurstöðurnar. Niðurstöður fyrir 7. bekk eru góðar og nokkuð yfir landsmeðaltali bæði í íslensku og stærðfræði. Niðurstöður fyrir 4.

bekk eru síðri og nokkuð fyrir neðan landsmeðaltal. Tæknimálin við próftökuna gengu vel. Foreldrar hafa fengið sendar niðurstöður fyrir barn/börn sín. Jóhannes ætlar að óska eftir að fá eintak af prófi síns barns til að sjá hvort Menntamálastofnun afhendi próflausnir eins og á að gera. Rætt um mikilvægi þess að skólinn árétti við nemendur að prófin skipti máli og að mikilvægt sé að kennarar hvetji nemendur til að sinna þeim af samvirkusemi. Svanborg ræddi um að innihald prófana hefur rýrnað.

- Vinna vegna nýrra laga um persónuvernd. Jóhannes mótmælir því að persónuverndarmál séu unnin án samtals innan skólaráðs. Vegna tímaskorts var umræðu frestað til næsta fundar ráðsins.